

Sigurður Ólafsson lyfsali:

1. Fyrir nokkrum árum átti ég erindi í all stórt bílaverkstæði og kom á tilsettum tíma kl. 1., er starfsmenn myndu koma frá hádegisverði. Eg beið um stund við lokaðar dyr. Þá kemur ungur maður, opnar, en ég segi honum erindi. Hann kinkar kolli í kveðjuskyni, ansar mér engu en klöngrast fram hjá alls kyns verkferum, inn á milli margra bíla, er voru í salnum til viðgerða, inn á gafl, og þar kveikti hann á útvarpinu. Glumdi við hátt.

Nú birtist verkstjórnin. Hef ég orð á því án allrar þykkju, að þiltinum hafi virzt meira í mun að kveikja á útvarpinu en að sinna mér. Jú, því var þannig varið, að ungi maðurinn var heyrnarlaus, en sá sem fyrstur kæmi til vinnu átti að láta það vera sitt fyrsta verk að opna útvarpið.

Tínast nú starfsmenn að, nokkuð margir, taka til við sín verk þar sem frá var horfið fyrir hádegði. Er skemmst frá að segja, að brátt heyrðist ekki mannsins mál í salnum. Allt fer í gang; Hamrar, sleggjur, rennibekkir, logsuðutæki, rafmagnsborar, sagir, smergilhjól — svo og hróp og köll þeirra, sem þurftu að talast við. Þetta getur varla öðru vísi verið í stóru verkstæði þar sem unnið er að járnsmíði og réttungum.

En útvarpið var stillt á hið hæsta. Þetta var músík, sem sagði sex.

Rúmri klukkustund stór kom ég aftur og þá mátti greina útfararathöfn í tækinu. Enginn hafði veitt þessu athygli, sem varla var von í hávaðanum. Verkstjórnin sagði, að menn hans vildu hafa þetta svona og myndi það kosta leiðindi, ef að væri fundið.

2. Eitt sinn staldraði ég við þar, sem menn voru að stjórna þungu vinnuvélum. Aflmiklar dísilvélar voru í gangi, kranar og gröfur og fylgdi þessu eðlilega mikill gnýr. Í opnum stjórnklefa annarrar samstæðunnar sat ungur maður með heyrnarhlífar og sinni sínum starfa, varinn eftir föngum þrúgandi hávaða. Í hinum stjórnklefanum voru engar heyrnarhlífar en dýnjandi popp, auðheyrilega stillt til að yfirgnæfa skröll og dyn véla og verkfæra. Þar yfir reyndi stjórnandi að hrópa mál sitt til samverkamanna.

3. Í kvikmyndahúsi er boðið upp á sjónvarpsefni í anddyri, á undan sýningu og hléi. Í sönvarpinu heyrst hvorki tal né tónn, því að popphávaði frá hljómtækjum anddyris yfirgnæfir allt, einnig eðlilegan klíð frá mörgu fólki, sem talar saman.

Eg herti upp hugann og stundi því upp, hvort ekki mætti skrúfa niður í tvívíddartækjunum, svo að hægt væri að fylgjast með því, sem þeir hefðu á boðstólum á skjánum. Þá horfði blessuð stúlkan í sálgætissöluinni á mig forviða og taldi öll tormerki á slíku. Hávaðinn varð þar að vera.

Er óeðlilegt, að spurt sé: Hví í ósköpunum er þarna sjónvarps-tæki upp á þessi býti?

4. Tillitsleysið getur verið yfirþyrmandi. A sólbjörtum sumar-dögum getur fólk úti á svölum eða í garði átt von á óskurtónlist af næstu lóð eða út um opna glugga eða dyr; jafnvel handan götu, stundum úr tveim áttum samtímis.

5. Ut yfir allan þjófabálk tekur hið andlega ofbeldi á sumum dansstöðum. Með þessu áframhaldi verða Íslendingar heyrnar-sljóir fyrir aldur fram. Þeir eiga á hættu að geta hvorki greint kvak fuglsins né nið lækjarins, tón fiðlu eða flautu, horns eða óbós, angurvarðó sellós, blíðan hljóm Mozarts og Schuberts eða higrif og lotningu í verkum Bachs.

Sum veitingahús hafa með

Í höll Dofrans

Tónhornið

HLJÓMSVEIT GISSURAR GEIRSSONAR 6 ÁRA

Hljómsveit Gissurar Geirssonar er metnaðsmáli að um helgina, en þá er hljómsveit 6 ára gömul. Ekki hefur reyndar verið sama hljómsveit frá upp-hafi. Gissur reyndar á eini sem hefur verið all-n tónlistar-ir hljómsveit.

með Tónabráðum frá 1958 til 1961, en þá sungu systur Gissurar í hljómsveitinni þar Gíðhildur og Kjartan. En hljómsveit var öðruvísið söngkona á stóru hljómsveit og var hann með

Elfars Berg í 2 ár og var með eigin hljómsveit um skólið, þórnenni, sem jók mest á Keflavíkurlögum.

á sveitaballi í Lyngbrekku á laugardaginn og tókst mjög vel í háttum tónlistum.

Tónhornið óskar Hljómsveit Gissurar Geirssonar til hamingju með afmáli.

tæknihjálp reynt að hemla lítillaga ofboðslegan hávaða frá hljómsveitum, sem getur varanlega skert heyrn. Jafnvel þessir feimnislegu tilbúðir hafa mætt andstöðu hávaðamanna.

Hér hljótum við, sem unum illa þessum yfirgangi að eiga kröfu um vernd. Afskipti löggjafans verða að koma til, ef annað bregzt.

6. Þeir eru margir, einkum í hópi yngra fólks, sem hafa ánægju af poppi og skyldum fyrirbrigðum og er slíkt ekkert til að fjargviðrast yfir, frekar en svo mörgum títukbrögðum. Smekkur fólks er, sem betur fer, misjafn. Það, sem hér er aðfinnsluvert, er hið gegndarlausu ofbeldi, sem við erum beitt, þegar við eigum vart annara kosta völ en að fá þetta í hlustirnar, hvar og hvenær sem er, með slíku offorsi, að raun er að.

7. Óþarfur og hvímléður hávaði er að sjálfsgöðu frá fleiri en poppi og öðru líkrar ættar frá útvarpstækjum og hljóðdósum. Sumir eru haldnir þeirri áráttu að þenja tal og tón upp úr öllu valdi og það oft, þegar engar aðstæður eru til að hlusta. En popptískan á hér höfuðsök. Hávaðinn er þarna og á að vera. Skvöldur og skarkali, hróp og hurðaskellir, ys og þys, vélahljóð og verkfæra virðast litlu máli skipta. Hljómtækin skulu vera opin, en enginn veitir því athygli, hvað úr hátalara kemur, unz einhver skrúfar niður eða lokar. Þá er rekið upp rama-kvein. Fyrsta skref að bættum tónlistarsmekk er að læra að hlusta og þegja en loka tækinu ella.

Í þessu sambandi má þó nefna, að áður fyrr, t.d. á barokktímanum, var mikið samið af svokallaðri veizlumúsík sem var flutt í bakgrunni í samkvæmum, oft af kammersveitum. Skilst mér, að sumt af þessu sé léttmeti, sem leikið var lágt og blítt til þess að trufla ekki samræður. Sama eðlis er það, sem Danir kalla „hyggemúsík“, sem er alls kyns bland af dægurlögum og sígildri tónlist, leikið á lágum nótum í mann-fagnaði. Slíkt meidíð engra eyru og kunna margir þessu vel. Oft gefur þetta tóninn fyrir samsöng, þegar menn eru á þeim buxunum.

8. Heima hlusta ég oft á nokkuð hátt stillta músík, því að stundum á það fullan rétt á sér. En það er gert í einrúmi eða með fjölskyldu eða vinum í þrgum hópi í þögn og án utan að komandi skarkala og fyrir lokuðum gluggum, ef með þarf, vegna nágranna. Líta má slíkt sem einkamál að vissu marki. Þetta á vart nokkuð skylt við það gerningaveður, sem dynur á manni varnarlausum á almanna-færi, utan dyra og innan.

Hávær hljómlist getur líka vel átt við í tónleikasali, þar sem mönnum er ljóst, að hverju þeir ganga. En, þegar poppsamkomur ganga út í þær öfgar að emjandi

grátur, vein og móðursýkisköst koma til skjalanna, og flutningur leikaranna, með sterkustu mögnurum, kæfir hvern tón í eyra, þá er slíkt ekkert nema argasta ómenning. Óþroskaðir unglingar kynnu að halda, að óskur, skrípalæti og hávaðasefjun sé hámark nauðnar af tónlist.

Er enginn menningarlegur meðalvegur til þess að koma poppi til fólks í tónleikasali eða danshúsi?

9. Nú er sú breyting á orðin, að jarðarfaraútlit er að mestu úr sögunni, og er það vel. Það óþolandi smekkleysi að magna þyngstu raunastundir meðbræðra sinna í gegnum ys og skarkala hversdagslífsins, án þess að nokkur hlustaði og engan varðaði nema vini og venlamenn, var ómenningarblettur. En, tröllaukin poppmúsík glymur í tíma og ótíma. Ríkisútlit, Keflavíkurlit og nýjasta framtak

líkama“ að skemma heyrn sína að vild, í einrúmi eða í samhentum hópi, með hávaða frá allt of hátt stilltum hljómtækjum. En, ef einn eða fleiri verða að líða fyrir það og hafa hávaðann í eyrum gegn vilja sínum, þá er slíkt brot á mannréttindum, sem eigi skyldi una við. Þar duga engar meiri hluta ákvarðanir manna í milli eða á vinnustað.

11. Í þessu sambandi er athuga-vert, að börn fá oft áhuga á músík, jafnvel 2—4 ára gömul. Vilja þau gjarnan heyrja plötuna sína eða uppáhalds segulbandið í sífellu og stilla hátt eins og eldri systkin. Mamma og pabbi verða að lokum þreytt á endurtekningunum og barninu er lánað einangruð heyrnartæki. Þessi tæki eru ágæt, ef þau eru hæfilega stillt og maður vill hlusta án þess að misþjóða þeim á heimilinu, sem hvorki geta né vilja hlusta samtímis.

Ringo Starr — Rotogravure Polydur 2302 040/FACO

Ringo Millist út á hátt Svell....

★ ★ ★ ★

Ringo er maður lítils hæfileika hvað tónlist snertir, nema hvað hann er ágæt trommuleikari. En sem skapandi tónlistarmaður og söngvari er hann lítil karl. Ringo hefur á visu tekist með sínu tóni góðar

nókkurra Akureyringa til samans virðast ekki geta seðjað hið sífella hungur fyrir hávaða. Hljómdósis (kasettur) með maraþonpoppi eru það eftirsóttur varningur, að umsvifalaust er brotízt inn í bíla til þess að klófesta slík tæki, ef þeir eru skildir eftir á afviknum stað. Lög-reglan segir, að þau verði fyrst alls fyrir barðinu á gripdeildarmönnum af þessu tagi.

Þessi álög hávaðans liggja á manni eins og mara, hvar sem leið liggur: Á vinnustöðum, svo sem verkstæðum, í opinberum stofnunum, verzlunum, vöruhúsum, skrifstofum, almenningsvögnum — allstaðar —. Á götum í verzlunarhverfum er grenjandi hávaðinn frá hátölurum utan dyra og þar virðist stöðugt gengið á lagið. Að nú ekki sé talað um, ef maður á erandi inn fyrir þröskuldinn. Þá dugar varla annað fyrir venjulegt fólk en skriflegar óskir eða fyrirsprungur, nema maður vilji leggja sig niður við að hrópa.

10. Varla verður fólki, sem komið er til vits og ára, beinlínis neitað um þann „rétt yfir eigin

Börn hafa næma heyrn og þurfa líklega mun lægri stillingu, en rosíð fólk, sem árum saman hefur búið við hávaða af ýmsu tagi. Fullorðnir þurfa að gæta þess, að hjá börnun sé hljómsstyrkur í þessum tækjum innan skynsamlegra marka.

12. Popp og dægurlög eiga vitanlega fullan rétt á sér í útvarpi eins og annað léttmeti, sem margir hafa ánægju af. Þeim, sem ekki líkar, er oftast, sem betur fer, í löfa lagið að skrúfa fyrir, ef þeir ráða húsum eða tækjum.

Sama gildir á hinn veginn: Þeir sem vilja helzt ekki annað í útvarpi milli veðurfregna en popp og annað léttmeti, loka sínum tækjum, þegar sígilt tónlistarefni er á dagskrá.

Það er alls ekki efni eða efnisleysi popps eða annars sömu ættar, sem hér er átalíð, heldur sú hávaðatízza, er virðist óaðskiljanlegur fylgifiskur þess.

13. Hér er vandamál í manlegum samskiptum. Eitthvað verður að gera, áður en stór hluti þjóðarinnar verður ærður í höll Dofrans.

Ekkert myndi vænlegra til árangurs en að gerbreyta tónlistaruppeldi barna og unglinga með stóraukinni kennslu og fræðslu frá byrjun skólaskyldu-aldurs á grundvelli sígildrar tónlistar. Þá opnast smám saman innsýn í hógværan unað þess bezta, sem mannsandinn lætur eftir sig á þessari jörð. Að líkindum verður, eftir sem áður, hópur manna, sem hvorki getur né vill njóta annars en popps og viðlíka. Slíkt er að sjálfsgöðu réttur allra hér á landi og á að vera. Það, sem vinnst með stóraukinni tónlistar-kennslu í skólum og aukinni áherzlu á sígilda tónlist í útvarpi og hljómléikasölum, er, að þá eykst skilningur á því að hlusta af nærgætni við náungann.

14. Ekki er nóg, að unnið verði markvisst að aukinni kennslu og fræðslu á fyrrgreindum grundvelli. Til þarf að koma stuðningur úr öllum áttum við það ágæta fólk, sem vinnur óeigingjarnt starf, af menningarþörf einni saman fyrir sig og aðra, með því að flytja löndum sínum úrvalsverk í sígildri tónlist. Nefna má kammerhljómsveitirnar, Pólyfónkórinn, Filharmóníu og marga ágæta söngflokka, sem sinna kirkjulegri tónlist og þjóðlaga-tónlist á sígildum grundvelli, að ógleymdri nýrri símfóníu-hljómsveit.

Símfóníuhljómsveit Islands, sem rekin er af almannafé með stuðningi tryggra hljómléika-gesta, þarf einnig aukinn stuðning. Tónlistarskólinn í Reykjavík svo og aðrir tónlistar-skólar félagsamtaka og bæjarfélaga víða um land leggja ómetanlega hönd að verki til að bæta íslenska músíkmenningu. En betur má, ef duga skal.

15. Í fjölmiðlum er haldið uppi linnulausum áróðri fyrir meira léttmeti í útvarpi, „meira poppi“, „meira fjöri“, „fleiri og lengri þáttum fyrir lög ungarfólksins“ (þ.e. meira poppi), „fleiri óskala-gapáttum með létrri tónlist og dægurlagatónlist“ (þ.e. meira poppi) o.s.frv. Látum þetta allt gott heita. Menn hafa misjafnan smekk og mega láta skoðun sína og óskir í ljós.

En, þegar herferðinni er jafnframt beint í auknum mæli gegn sígildri tónlist í útvarpi, þá er tími til kominn að taka upp hanzkann. Þá þarf að lýsa yfir stuðningi við þá ágætu menn í útvarpinu, sem halda á lofti merki manna, sem nú eru gengnir, svo sem Páls Ísólfssonar, Róberts A. Ottóssonar, Gunnars Guðmundssonar o.fl., o.fl. Tvöfalda þarf útvarpstíma fyrir þætti manna eins og Þorsteins Hannes-sonar, Guðmundar Gíllssonar, Guðmundar Jónssonar söngvara og Guðmundar Jónssonar píanóleikara, að ógleymdum Atla Heimi Sveinssyni, sem nú er með afburða góðan þátt um tónsmíðjuna. Manni kemur ósjálf-rátt í hug einn beztu þáttur, sem sýndur var í sjónvarpi á sínum tíma, hljómléikar unga fólksins, sem Bernstein, sá snillingur, annaðist og stjórnaði.

Útvarpið þarf að fá í fasta fræðslu- og kynningarþætti allt árið um kring, eitthvað af bezta tónlistarfólki þjóðarinnar á sviði sígildrar tónlistar. Þar er mikið mannvál og einhverjir myndu fánlegir. Það væri ekki ónýtt að fá að heyrja í t.d. Ingólfi Guðbrandssyni. Sá ódrepanði sistarfandi forystumaður pólyfónískis tónlistarlífs þyrfti að finna nokkrar dagstundir fyrir þakkláta hlustendur til að kynna nánar einhver af verkum Bachs. Kammersveitir okkar og báðar símfóníuhljómsveitirnar mættu heyrast oft en í beinu sambandi við tónleika vikunnar eða mánaðarinn í hljómléikasali.

Þeir, sem á annað borð kunna að meta slíka menningarviðleitni, myndu manna ólíklegastir til að magna hljómtækin upp úr öllu valdi á almanna-færi, utan húss og innan. Það yrði væntanlega friður á meðan. Væri ófrausn, að komið yrði á óskala-gapáttum fyrir sígilda tónlist? Enn fremur því

ekki að leita til rötgróinna áhugamanna til þess að miðla útvarps-hlustendum af reynslu sinni og smekk.

16. Fyrir alla muni, þig árvökulu morgunmenn útvarpsins: Látið ekki undan þrýstihópnum um einhliða val á morguntónlist. Þeir, sem eru svo timbraðir af hávaðanum frá kvöldinu áður, að þeir þykjast ekki geta vaknað nema þeir fái afrettara í sama dúr, strax að morgni, verða að taka því. Hér gildir sama lögmál og með brennivínið, ef heilsu skal halda.

17. Ef sú breyting yrði á útvarpi, sem hér er lögð til, myndu margir að líkindum skrúfa fyrir fyrst í stað en fleiri hlusta. Sé það rétt, yrði vegur útvarpsins í menningarmálum meiri og tilgangi þess betur náð.

18. Einhverjir kunna nú að segja: Með þessu myndi sigild hljómlist njóta algerra forréttinda í tónlistarflutningi útvarps. Alveg rétt; það er megurinn málsins.

Eg fæ ekki annað séð en bættur tónlistarsmekkur og þekking á sigildri tónlist sé áhrifaríkasta ráðið til þess að vinna gegn þeirri yfirþyrmandi óskurtísku, sem tröllríður öllu okkar samfélagi. Þeim, sem vilja ekki una yfirgangi hávaðans, er það ljóst, að það þarf natni, óbilandi þolinmæði og langan tíma til að sveigja smekk 90% Íslendinga að sigildri tónlist. En, þá mun ungt fólk í leiðinni hafa lært að hlusta á menningarlegri hátt, þegar næsta tízkvalda ríður yfir og poppið er komið út í hafsauga. Þetta verður vart gert nema með auknu átaki Alþingis og bæjarfélaga.

19. Nýlega sá ég getið um tilögðu þingmanns að bæta sjónvarpsskilyrði fyrir Vestfjarðamið. Kostnaður við endurvarpsstöð í þágu sjómanna þar vestra er áreiðanlega viðráðanlegur og þeir eiga hana vissulega skilið.

Að sjónvarpinu alveg ólöstuðu held ég þó, að sjómenn úti á miðum fengu varanlegri andlega uppörvun í hinum fáu fristundum sínum með þáttum um sigilda tónlist í útvarpi, þ. á m. sínfóniska, en mörgu af því, sem sjónvarp býður upp á. Hvað sem því líður þurfa þeir að eiga kost á hvortveggja. Vill ekki sami þingmaður athuga það og styðja í því skyni að eflingu Sínfóníusveitar Íslands, og reyndar hinnar líka.

Þeim, sem ekki hafa vanizt slíkum þáttum og flutningi sigildrar tónlistar, lærist það ekki í einum róðri. Það kemur með því að hlusta út vertíðina. Til þess þarf enga sérmenntun í músík; aðeins þörf og vilja til þess að njóta góðrar listar.

20. Popp og annað sömu ættar á lítið erindi í sjónvarp. Þegar dansmúsík er annars vegar þarf að beina athyglinni að öðru en skjánum. Öðru máli gegnir með dansýningarþætti eða samkomur með fréttagildi, þegar músík er óaðskiljanlegur hluti þess, sem sést. Sjónvarpstími er dýr og þess er vænt að fá eitthvað fyrir augað, sem venjulegt poppfólk getur ekki boðið upp á.

Sama máli gegnir með ein-söngvara og einleikshljóðfæri, nema sem fréttafni. Að sjálf-sögðu á þetta ekki við um af-burðalistamenn, jafnvel heimsfræga, sem fólk vill sjá. Kórar, stórar hljómsveitir við hátíðleg tækifæri og kennslu- og fræðsluþættir um tónlist geta átt fullan rétt á sér í sjónvarpi — en hin daglega meðalmennska ekki. Margt af þessu getur samt verið vel boðlegt útvarpsfni, þ. á m. popp. Leyfist mér um leið að minnst á dæmi um ómurlega auglýsingamúsík í sjónvarpinu. Þar á ég við texta, lag og flutning við teiknimynd Iðnaðarbankans um krónuna. Þessi forsmán er ekki einu sinni samboðin álkrónunni. Teikningin er svo sem ágæt.

21. Hvernig standa dagblöð og vikublöð í staðinu þegar fjallað er um tónlist?

Sum dagblaðanna eyða miklu rúmi, oft heilum opnum fyrir popp og dægurlagabætti. Mörgum

finnst hér um slíka ofrausn að ræða, að draga mætti úr. Hvaða tilgangi þjóna allir þessir kol-svörtu fingurbreiðu stórfregna-rammar utan um ekkert? Hver trúir öllum þessum gegndarlausu og slauknu stjórnumerkingum við nær allar popp-plötur? Nú dugar ekkert nema 5 stjórnur, helzt plúsar með. Að því kemur, að vetrarbrautin hefur ekki af nógu að taka, því að nær allir þessir snillingar eiga svo margar stjórnur skilið.

Meðferð móðurmálsins í þessum poppþáttum svo og samskonar þáttum í sjónvarpi er svo sérstakt fyrirbæri, sem Helgi Hálfðánarson og Helgi J. Halldórsson mættu gjarnan skoða og gera skil. Ekki hefur Helgi J. hingað til þurft að æpa í útvarpi til þess að ná hlustum þeirra, sem enn hafa óskerta heyrn. Ekki hefur Helgi hinn tekið sér þunlungsbreiðan styrjaldarramma í Morgunblaðinu til þess að halda athygli þeirra mörgu, sem enn eru læsir og mæltir á íslenzku.

Hvar eru þættir áþekkir plötuþáttum Birgis Guðgeirssonar, sem hurfu fyrir nokkrum árum? Tónleikum er að jafnaði gerð skil af ágætum mönnum, en föstum þáttum um sigilda tónlist fer lítið fyrir. Þar þyrfti ekki eins mikla prentsvertu og á poppsíðurnar. Fyrr má nú rota en dauðrota.

22. Margan furðar fréttamat blaða þegar popp er annars vegar.

Í dagblaði er heil opna með venjulegum fyrirgangi, er fjallað er um popp. Í sömu viku er það ekki nema hálf dálks virði þegar fólk, þ. á m. konum og unglíngum er misþyrmt og það fangelsað fyrir það eitt að vera óánægt með kjör sín og kúgun yfirvalda og að láta það í ljós með andmælum. Þetta gerist í ríki, sem hampar frelsi, jafnrétti og bræðralagi. Í öðru dagblaði er því nær heil opna helguð þeirri frétt að út kemur popp-plata hjá litlum tónlistarmanni og lélegum söngvara sem allt er til foráttu fundið. Þó fylgir með mjög rausnarleg mynd af vesalingsmanninum og eitthvert stjórnuhrafi (einkunn), þrátt fyrir frammistöðuna. Í sama blaði er frétt af þeim atburði, þegar vit-firtur skrfl ræðst með kasti og barsmiðum að lögregluþjónum í starfi, og fara verður með nokkra þeirra til læknismeðferðar. Ekki fór meira fyrir þessari frétt en þótt hrútur hefði hornbrotnað í Flóa eða ekið hefði verið utan í bíl á bílstæði.

Í þriðja blaði er heillar opna viðtal vegna þeirrar fréttar að poppmaður kemur frá útlandi og fer. Með fylgir hálfstöfund af þessum athyglisverða manni.

Í sama blaði kemur um sama leyti eitthvað sem gæti verið frétt ársins: Hálf síða er blásin upp vegna þess að popphljómsveit er 6 ára og er talið merkisafmæli. Má maður eiga von á því að slíkar rosafreittir verði birtar framvegis vegna venjulegra ársafmæla allra popphljómsveita landsins? Má vera, að þessi sé alveg „í sér-flokki“, eins og nú er alltaf að orði komizt um allt ágæti. Datt engum í hug að láta liggja frammi bók, þar sem þjóðinni gæfist kostur á að rita nöfn sín undir afmælisóskir á þessum merku tímamótum?

23. Það, sem hér er sagt um popp og annað sömu ættar í blöðum, má ekki skilja sem hallmæli í garð poppmanna. Þeir mega og eiga að fá að stunda sína iðju óárettir. Hér er aðeins bent á furðulegt fréttamat og því andmælt, að þetta tízkufyrirbrigði beri gersamlega ofurliði alla um-fjöllun sigildra listgreina, einkum tónlistar í þessum fjölmíðlum.

24. Mál er að linni. Sigild tónlist, útlend og innlend, ættjarðarlög, dægurtónlist og dans-laga, er og verður hluti af okkar menningu. Hér hefur verið fjallað um brýna þörf fyrir að breyta tónlistarsmekk manna, ef það mætti verða til þess að vinna gegn meiriháttar mengun okkar samfélags: Hávaða og tillitsleysi.

Í nóvember 1976
Sigurður Ólafsson lyfsali

Jóla- markaðurinn



er í Hallarmúla

PENNAN

HAFNARSTRÆTI 8, HALLARMÚLA 2, LAUGAVEGI 84.

áætlunarflug póstflug...

Suma árstíma er flugþjónusta Vængja hf. einu samgöngumöguleikar fólksins í stórum byggðalögum. Við fljúgum reglulega til:

Hellissand, Stykkishólms, Búðardals, Suðureyrar, Siglufjarðar, Bíldudals, Gjúgurs, Ólafsvíkur, Hvammstanga, Reykhóla, Hólmavíkur, Blönduóss Flateyrar,

Tökum að okkur leiguflug, sjúkraflyg, vöruflug

hvert á land sem er.

Höfum á að skipa 9 og 19 farþega flugvélum.

öryggi · þægindi · hraði



VÆNGIR hf

REYKJAVÍKURFLUGVELLI — Símar 26066 — 26060